

# Lög

## um fjármál stjórnálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### Markmið.

Tilgangur laga þessara er að kveða á um fjárframlög til stjórnálasamtaka og stjórnálastarfsemi, draga úr hættu á hagsmunaaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum. Markmið laganna er að auka traust á stjórnálastarfsemi og efla lýðræðið.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

- Stjórnálasamtök:** Flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.
- Prófkjör:** Kosningar sem stjórnálasamtök halda til að velja fulltrúa á framboðslista við kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna.
- Frambjóðendur:** Þátttakendur í persónukjöri til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnálasamtaka.
- Framlög:** Framlög til starfsemi stjórnálasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru. Til framlaga í þessum skilningi teljast allir afslættir af markaðsverði, ívilnanir og eftirgjöf, þar með taldir afslættir af markaðsverði auglýsinga, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör o.s.frv. Ef afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í reikningum. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaust lán vinnuafis, aðstöðu eða búnaðar, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í reikningum á því verði.
- Tengdir aðilar:** Lögaðilar þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum, enda nemi

- eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulíð telst jafnframt eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.
6. *Endurskoðendur*: Löggildir endurskoðendur samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur.
  7. *Þingflokkar*: Samtök þingmanna sem uppfylla skilyrði þingskapa til að teljast þingflokkur.

## II. KAFLI

### Framlög ríkis og sveitarfélaga til stjórnmalastarfsemi.

#### 3. gr.

##### *Framlög til stjórnmalasamtaka úr ríkissjóði.*

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnmalasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlotið hafa a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

#### 4. gr.

##### *Framlög til þingflokka úr ríkissjóði.*

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi þingflokka á Alþingi samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk. Því til viðbótar skal úthluta fjárhæð sem svarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnmalasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra. Forsætisnefnd Alþingis getur sett nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

#### 5. gr.

##### *Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.*

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

## III. KAFLI

### Almenn framlög til stjórnmalastarfsemi.

#### 6. gr.

##### *Móttaka framlaga.*

Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum til starfsemi sinnar eða til kosningabaráttu með þeim takmörkunum sem leiðir af 2.–5. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 7. gr.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá opinberum aðilum sem ekki rúmast innan ákvæða II. kafla.

Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá erlendum ríkisborgurum, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum. Bann þetta tekur þó ekki til framlaga frá erlendum ríkisborgurum sem njóta kosningaréttar hér á landi skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

#### 7. gr.

##### *Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og prófkjör.*

Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur 300.000 kr. á ári. Undanþegin slíku hámarki eru þó framlög í formi afsláttá svo fremi um sé að ræða almenna afslætti sem veittir eru frá markaðsverði með opinberum hætti og slíkir afslættir séu sérgreindir í reikningum. Lögaðilar, sem inna af hendi framlög til stjórnmalasamtaka eða frambjóðenda, skulu sérgreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum. Telja skal saman framlög tengdra aðila.

Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 300.000 kr. á ári. Til framlaga í þessum skilningi teljast ekki almenn félagsgjöld stjórnmalasamtaka sem innheimt eru með reglubundnum hætti og eru ekki umfram 100.000 kr. á ári.

Ríkisendurskoðun skal setja leiðbeiningarreglur um fyrirkomulag sölu þjónustu á vegum stjórnmalasamtaka til að tryggja samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

Heildarkostnaður frambjóðenda í prófkjörum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur 1 millj. kr., að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 150 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

## IV. KAFLI

### **Reikningsskil og upplýsingaskylda stjórnmalasamtaka.**

#### 8. gr.

##### *Reikningsskil stjórnmalasamtaka.*

Stjórnmalasamtök skulu halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureikningsskila eftur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári. Við gerð ársreikninga skal farið að efnisreglum laga um ársreikninga eins og við á. Ríkisendurskoðun gefur út frekari leiðbeiningar um reikningshald stjórnmalasamtaka.

Stjórnmalasamtök skulu fela endurskoðendum að endurskoða reikninga sína. Endurskoðendur skulu starfa eftir leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar og sannreyna að samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga þessara og almennar reikningsskilareglur og staðfesta það álit með áritun á reikninginn. Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að framlög einstaklinga og lögaðila séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

## 9. gr.

*Upplýsingaskylda um reikninga stjórnmalasamtaka.*

Stjórnmalasamtök skulu árlega skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið birta útdrátt úr ársreikningi stjórnmalasamtaka með samræmdum hætti. Þar skal greina a.m.k. heildartekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum, ásamt helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmalastarfsemi.

## V. KAFLI

**Reikningsskil og upplýsingaskylda í persónukjöri.**

## 10. gr.

*Reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri.*

Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína í samræmi við almennar reikningsskilareglur og fela endurskoðendum endurskoðun þess. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörið.

Frambjóðendur í persónukjöri eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef kostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 300.000 kr.

## 11. gr.

*Upplýsingaskylda um reikninga yfir kosningabaráttu.*

Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum árituðum af endurskoðendum eigi síðar en sex mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið birta útdrátt úr reikningum þar sem greina skal heildartekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli framlaga frá lögaðilum, framlaga frá einstaklingum og eigin framlags. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans.

## VI. KAFLI

**Viðurlög, gildistaka og brottfall lagaákvæða.**

## 12. gr.

*Viðurlög.*

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fésektum, en alvarleg brot geta varðað fangelsi allt að sex árum.

## 13. gr.

*Gildistaka og brottfall lagaákvæða.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði laganna um prófkjör taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 2007.

Jafnframt fellur úr gildi 1. másl. 1. gr. laga nr. 62/1978, um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmalaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi, og lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

VII. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.**

14. gr.

Í stað orðanna „Sveitarsjóðir greiða“ í c-lið 123. gr. laganna kemur: Ríkissjóður greiðir.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Forsætisráðherra skal eigi síðar en 30. júní 2010 skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi til að endurskoða lög þessi og framkvæmd þeirra.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. desember 2006.*

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

### 1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ríkisendurskoðun skal að ósk stjórnmalasamtaka veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2002 til 2006, að báðum árum meðtöldum, jafnt til landsflokkanna sem allra eininga sem undir þá falla eða tengjast rekstri og eignum flokksins, svo sem sér-sambanda, kjördæmisráða, eignarhaldsfélaga og tengdra sjálfseignarstofnana. Þó er heimilt að undanskilja flokkseiningar ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári.

Ríkisendurskoðun skal að ósk frambjóðenda í forvali eða prófkjöri innan stjórnmalasamtaka fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar 2006 og 2007 veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. frá 1. janúar 2005 – 31. maí 2007. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun með sama hætti að ósk frambjóðenda í kosningum til æðstu tveggja embætta innan stjórnmalasamtaka, formanns og varaformanns, veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2005 til 2009, að báðum árum meðtöldum. Sé heildarfjárhæð framlaga til frambjóðanda undir 300.000 kr. getur hann beint einfaldri yfirlýsingu til Ríkisendurskoðunar um að svo sé án nánari tilgreiningar eða sundurliðunar upphæða, sbr. 4. mgr.

Við túlkun á hugtökunum stjórnmalasamtök, prófkjör, framlög og tengdir aðilar skal taka mið af skilgreiningu þeirra hugtaka í 2. gr. laganna.

Ríkisendurskoðun skal í þessu skyni veita viðtöku upplýsingum frá viðkomandi stjórnmalasamtökum og frambjóðendum um framlög til þeirra á tilgreindu tímabili, sbr. 1. og 2. mgr., og skulu upplýsingar sem veittar eru flokkaðar eftir uppruna þeirra, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum. Upplýsingum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi stjórnmalasamtaka eða frambjóðanda um að upplýsingarnar sé veittar samkvæmt bestu vitneskju og getur Ríkisendurskoðun kallað eftir nánari upplýsingum og skýringum ef hún telur annmarka á upplýsingagjöfni. Skal upplýsingamiðlun til Ríkisendurskoðunar frá stjórnmalasamtökum og frambjóðendum þeirra sem óska eftir úrvinnslu og birtingu upplýsinga vera lokið fyrir 15. nóvember 2009. Ríkisendurskoðun er þó heimilt að framlengja þann frest um allt að einn mánuð.

Ríkisendurskoðun skal samræma upplýsingar sem miðlað er til hennar skv. 4. mgr. og birta með samræmdum hætti fyrir lok árs 2009 niðurstöður fyrir hver stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra sem hér segir:

- a. Heildarfjárhæð árlegra framlaga samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- b. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá einstaklingum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- c. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá lögaðilum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.
- d. Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira. Hafi lögaðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmalasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggjast á samþykki hans.

Ríkisendurskoðun getur sett reglur um það með hvaða hætti framlög, sem ekki eru bein fjárfamlög, skuli metin til fjár.

Að öðru leyti en um getur í 5. mgr. er Ríkisendurskoðun bundin trúnaði um allar upplýsingar sem stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra miðla til hennar samkvæmt ákvæði þessu.

Ákvæði 12. gr. laganna gildir ekki um upplýsingagjöf samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 28. ágúst 2009.*

## 2006 nr. 162 21. desember Lög um fjármál stjórnálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra

Tóku gildi 1. janúar 2007 en ákvæði laganna um prófkjör tóku gildi 1. júní 2007. Breytt með 1. 99/2009 (tóku gildi 8. sept. 2009).

### I. kafli. Almenn ákvæði.

#### ■ 1. gr. Markmið.

□ Tilgangur laga þessara er að kveða á um fjárframlög til stjórnálasamtaka og stjórnálastarfsemi, draga úr hættu á hagsmunaaðrekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum. Markmið laganna er að auka traust á stjórnálastarfsemi og efla lýðræðið.

#### ■ 2. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

1. *Stjórnálasamtök*: Flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.

2. *Prófkjör*: Kosningar sem stjórnálasamtök halda til að velja fulltrúa á framboðslista við kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna.

3. *Frambjóðendur*: Þátttakendur í persónukjöri til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnálasamtaka.

4. *Framlög*: Framlög til starfsemi stjórnálasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru. Til framlaga í þessum skilningi teljast allir afslættir af markaðsverði, ívilnanir og eftirgjöf, þar með taldir afslættir af markaðsverði auglýsinga, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör o.s.frv. Ef afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í reikningum. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslausn lán vinnuafis, aðstöðu eða búnaðar, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í reikningum á því verði.

5. *Tengdir aðilar*: Lögáðilar þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögáðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögáðilum. Sama á við ef einstaklingar eða lögáðilar, sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögáðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögáðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögáðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögáðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögáðilum samkvæmt þessum tölulíð telst jafnframt eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

6. *Endurskoðendur*: Lögáðildir endurskoðendur samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur.

7. *Þingflokkar*: Samtök þingmanna sem uppfylla skilyrði þingskapa til að teljast þingflokkur.

### II. kafli. Framlög ríkis og sveitarfélaga til stjórnálastarfsemi.

#### ■ 3. gr. Framlög til stjórnálasamtaka úr ríkissjóði.

□ Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnálasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlotið hafa a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum

alþingiskosningum samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

#### ■ 4. gr. Framlög til þingflokka úr ríkissjóði.

□ Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi þingflokka á Alþingi samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk. Því til viðbótar skal úthluta fjárhæð sem svarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnálasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra. Forsætisnefnd Alþingis getur sett nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

#### ■ 5. gr. Framlög til stjórnálasamtaka frá sveitarfélögum.

□ Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlun. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

### III. kafli. Almenn framlög til stjórnálastarfsemi.

#### ■ 6. gr. Móttaka framlaga.

□ Stjórnálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum til starfsemi sinnar eða til kosningabaráttu með þeim takmörkunum sem leiðir af 2.–5. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 7. gr.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá opinberum aðilum sem ekki rúmast innan ákvæða II. kafila.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá erlendum ríkisborgurum, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum. Bann þetta tekur þó ekki til framlaga frá erlendum ríkisborgurum sem njóta kosningaréttar hér á landi skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

#### ■ 7. gr. Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og prófkjör.

□ Stjórnálasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögáðilum en sem nemur 300.000 kr. á ári. Undanþegin slíku hámarki eru þó framlög í formi afsláttar svo fremi um sé að ræða almenna afslætti sem veittir eru frá markaðsverði með opinberum hætti og slíkir afslættir séu sérgreindir í reikningum. Lögáðilar, sem inna af hendi framlög til stjórnálasamtaka eða frambjóðenda, skulu sérgreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum. Telja skal saman framlög tengdra aðila.

□ Stjórnálasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að 300.000 kr. á ári. Til framlaga í þessum skilningi teljast ekki almenn félagsgjöld stjórnálasamtaka sem innheimt eru með reglubundnum hætti og eru ekki umfram 100.000 kr. á ári.

□ Ríkisendurskoðun skal setja leiðbeiningarreglur um fyrirkomulag sölu þjónustu á vegum stjórnálasamtaka til að tryggja samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

□ Heildarkostnaður frambjóðenda í prófkjörum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur 1 millj. kr., að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern.



Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 150 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

#### IV. kafli. Reikningsskil og upplýsingaskylda stjórn­málasamtaka.

##### ■ 8. gr. Reikningsskil stjórn­málasamtaka.

□ Stjórn­málasamtök skulu halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjör­dæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureiknings­skila ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári. Við gerð árs­reikninga skal farið að efnisreglum laga um ársreikninga eins og við á. Ríkisendurskoðun gefur út frekari leiðbeiningar um reikningshald stjórn­málasamtaka.

□ Stjórn­málasamtök skulu fela endurskoðendum að endur­skoða reikninga sína. Endurskoðendur skulu starfa eftir leið­beiningum Ríkisendurskoðunar og sannreyna að samstæðu­reikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga þessara og almennar reikningsskilareglur og staðfesta það álit með áritun á reikninginn. Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að framlög ein­staklinga og lögaðila séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

##### ■ 9. gr. Upplýsingaskylda um reikninga stjórn­málasam­ taka.

□ Stjórn­málasamtök skulu árlega skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið birta útdrátt úr ársreikningi stjórn­málasamtaka með samræmdum hætti. Þar skal greina a.m.k. heildartekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, fram­ laga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum, ásamt helstu stærðum í efna­ hagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttækna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórn­málastarfsemi.

#### V. kafli. Reikningsskil og upplýsingaskylda í persónu­ kjöri.

##### ■ 10. gr. Reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri.

□ Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína í samræmi við almennar reikningsskilareglur og fela endurskoðendum endurskoðun þess. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjórið.

□ Frambjóðendur í persónukjöri eru undanþegnir uppgjör­skyldu ef kostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 300.000 kr.

##### ■ 11. gr. Upplýsingaskylda um reikninga yfir kosningabar­ áttu.

□ Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum árituðum af endurskoðendum eigi síðar en sex mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjöl­farið birta útdrátt úr reikningum þar sem greina skal heildar­ tekjur og heildargjöld. Þá skal flokka tekjur eftir uppruna, þannig að greint sé á milli framlaga frá lögaðilum, framlaga frá einstaklingum og eigin framlags. Greina skal sérstaklega

alla móttækna afslætti frá markaðsverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans.

#### VI. kafli. Viðurlög, gildistaka og brottfall lagaákvæða.

##### ■ 12. gr. Viðurlög.

□ Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fésektum, en alvarleg brot geta varðað fangelsi allt að sex árum.

##### ■ 13. gr. Gildistaka og brottfall lagaákvæða.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði laganna um prófkjör taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 2007.

□ . . .

#### VII. kafli. . . .

##### Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. Forsætisráðherra skal eigi síðar en 30. júní 2010 skipa nefnd fulltrúa allra stjórn­mála­flokka á Alþingi til að endur­skoða lög þessi og framkvæmd þeirra.

■ [II. Ríkisendurskoðun skal að ósk stjórn­málasamtaka veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2002 til 2006, að báðum árum meðtöldum, jafnt til landsflokka sem allra eininga sem undir þá falla eða tengjast rekstri og eignum flokks­ins, svo sem sérsambanda, kjördæmisráða, eignarhaldsfélaga og tengdra sjálfseignarstofnana. Þó er heimilt að undanskilja flokkseiningar ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári.

□ Ríkisendurskoðun skal að ósk frambjóðenda í forvali eða prófkjöri innan stjórn­málasamtaka fyrir alþingis- og sveitar­stjórnarkosningar 2006 og 2007 veita viðtöku og birta upp­ lýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. frá 1. janúar 2005 – 31. maí 2007. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun með sama hætti að ósk frambjóðenda í kosningum til æðstu tveggja embætta innan stjórn­málasamtaka, formanns og varaformanns, veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2005 til 2009, að báðum árum meðtöldum. Sé heildarfjárhæð framlaga til frambjóðanda undir 300.000 kr. getur hann beint einfaldri yfirlýsingu til Ríkisendurskoðunar um að svo sé án nánari tilgreiningar eða sundurliðunar upphæða, sbr. 4. mgr.

□ Við túlkun á hugtökunum stjórn­málasamtök, prófkjör, framlög og tengdir aðilar skal taka mið af skilgreiningu þeirra hugtaka í 2. gr. laganna.

□ Ríkisendurskoðun skal í þessu skyni veita viðtöku upp­ lýsingum frá viðkomandi stjórn­málasamtökum og frambjóð­ endum um framlög til þeirra á tilgreindu tímabili, sbr. 1. og 2. mgr., og skulu upplýsingar sem veittar eru flokkaðar eftir uppruna þeirra, þannig að greint sé á milli ríkisfram­ lags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, fé­ lagsgjalda og framlaga frá einstaklingum. Upplýsingum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi stjórn­málasamtaka eða fram­ bjóðanda um að upplýsingarnar sé veittar samkvæmt bestu vitneskju og getur Ríkisendurskoðun kallað eftir nánari upp­ lýsingum og skýringum ef hún telur annmarka á upplýsinga­ gjöfni. Skal upplýsingamiðlun til Ríkisendurskoðunar frá stjórn­málasamtökum og frambjóðendum þeirra sem óska eftir úrvinnslu og birtingu upplýsinga vera lokið fyrir 15. nóv­ ember 2009. Ríkisendurskoðun er þó heimilt að framlengja þann frest um allt að einn mánuð.

□ Ríkisendurskoðun skal samræma upplýsingar sem miðl-

að er til hennar skv. 4. mgr. og birta með samræmdum hætti fyrir lok árs 2009 niðurstöður fyrir hver stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra sem hér segir:

a. Heildarfjárhæð árlegra framlaga samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.

b. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá einstaklingum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.

c. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá lögaðilum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.

d. Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira. Hafi lögaðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmalasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins

en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggjast á samþykki hans.

Ríkisendurskoðun getur sett reglur um það með hvaða hætti framlög, sem ekki eru bein fjárframlög, skuli metin til fjár.

Að öðru leyti en um getur í 5. mgr. er Ríkisendurskoðun bundin trúnaði um allar upplýsingar sem stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra miðla til hennar samkvæmt ákvæði þessu.

Ákvæði 12. gr. laganna gildir ekki um upplýsingagjöf samkvæmt ákvæði þessu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 99/2009, 1. gr.

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

### 1. gr.

1. máls. 1. gr. laganna orðast svo: Tilgangur laga þessara er að kveða á um framlög til frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands, til Alþingis og til sveitarstjórna, opinber og almenn fjárframlög til stjórnmalasamtaka og stjórnmalastarfsemi og draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

3. tölul. orðast svo: *Frambjóðendur*: Þátttakendur í persónukjöri í forsetakosningum, kosningum til Alþingis og kosningum til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnmalasamtaka.
- Við 2. másl. 4. tölul. bætist: sem og sala stjórnmalasamtaka á vörum og þjónustu á yfirverði.

### 3. gr.

Við 3. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Stjórnmalasamtök sem bjóða fram í öllum kjördæmum í kosningum til Alþingis geta að loknum kosningum sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu, að hámarki 3 millj. kr. Umsóknum um fjárstyrk vegna kosningabaráttu skal beint til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og skulu umsóknir berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kosningar fóru fram. Umsóknum skal fylgja afrit reikninga fyrir kostnaði sem fjárstyrk er ætlað að mæta. Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti getur sett nánari reglur um form umsókna og fylgigagna sem og um það hvaða kostnaður geti talist kostnaður við kosningabaráttu.

Skilyrði úthlutunar á fé úr ríkissjóði til stjórnmalasamtaka skv. 1. mgr. er að viðkomandi samtök hafi áður fullnægt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar skv. 9. gr.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „sveitarstjórnarkosningum“ í 1. másl. kemur: árleg.
- b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er heimilt að setja viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórn-  
málasamtaka samkvæmt þessari grein. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal  
úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórn-  
málasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.

## 5. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Berist stjórn-  
málasamtökum eða frambjóðanda framlag frá óþekktum gefanda skal skila framlaginu í ríkissjóð enda hafi  
ekki gefist tækifæri til að hafna móttöku þess.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 1. og 2. mgr. kemur: 400.000 kr.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:  
Stofnframlög, þ.e. framlög frá lögráða einstaklingum og lögaðilum sem eru veitt í  
beinum tengslum við stofnun stjórn-  
málasamtaka, mega að hámarki nema sem svarar til  
tvöföldu hámarksframlagi skv. 1. mgr.
- c. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.
- d. 3. mgr. fellur brott.
- e. Í stað orðanna „í prófkjörum af kosningabaráttu“ í inngangsmálslið 4. mgr. kemur: af  
kosningabaráttu í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.
- f. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:  
Heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu má ekki vera  
hærri en sem nemur tvöfaldri þeirri fjárhæð sem tiltekin er í 4. mgr. á hvern íbúa á kjör-  
skrá fyrir landið allt.
- g. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og kostnaður  
vegna kosningabaráttu.*

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 400.000 kr.
- b. Á eftir orðunum „til að staðreyna“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: reikninga og.

## 8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Stjórn-  
málasamtök skulu fyrir 1. október ár hvert skila Ríkisendurskoðun reikningum  
sínunum fyrir síðastliðið ár, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal  
í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta útdrátt úr ársreikningi stjórn-  
málasamtaka með sam-  
ræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu  
tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá  
sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig  
greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti

frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmalastarfsemi sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr.

## 9. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína þar sem greint er frá öllum framlögum og útgjöldum vegna hennar í samræmi við almennar reikningsskilareglur og skal uppgjórið áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Miða skal uppgjörstímabil við það tímamark þegar kosningabaráttu frambjóðanda hefst. Þegar um prófkjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar prófkjör er auglýst nema kosningabaráttu frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þegar um forsetakjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar framboði er skilað til dómsmálaráðuneytis nema kosningabaráttu frambjóðanda hafi hafist fyrr. Miða skal lok uppgjörstímabils við það tímamark þegar reikningum er skilað til Ríkisendurskoðunar skv. 11. gr. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjórið.

Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að kostnaður við kosningabaráttu og framlög einstaklinga og lögaðila til frambjóðanda séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur eða heildarkostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 400.000 kr.

## 10. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun árituðum reikningum sínum eigi síðar en þremur mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta útdrátt úr reikningum með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdráttinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr. til kosningabaráttu frambjóðandans.

Ef uppgjör vegna kosningabaráttu sýnir jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skal frambjóðandi árlega skila nýju uppgjóri til Ríkisendurskoðunar eða allt þar til umframfjármunum hefur verið ráðstafað eða skuld verið greidd.

## 11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hver sem tekur við framlögum, eða jafnvirði þeirra, sem óheimilt er að veita viðtöku skv. 6. gr. eða hærri framlögum en heimilt er skv. 7. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hver sem skilar ekki upplýsingum eða skýrslum samkvæmt ákvæðum laga þessara til Ríkisendurskoðunar innan tilgreindra tímamarka skal sæta sektum. Sama gildir séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur.

Gera skal lögaðilum sekt fyrir brot á 1. eða 2. mgr.

Refsa skal fyrir brot samkvæmt þessari grein séu þau framin af ásetningi eða gáleysi.  
Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Heimilt er að gera upptæk til ríkissjóðs framlög sem tekið er við án heimilda eða umfram heimildir samkvæmt lögum þessum eftir því sem segir í VII. kafla A almennra hegningarlaga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2010.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. september 2010.*

## 2006 nr. 162 21. desember

### Lög um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra

Tóku gildi 1. janúar 2007 en ákvæði laganna um prófkjör tóku gildi 1. júní 2007. Breytt með l. 99/2009 (tóku gildi 8. sept. 2009) og l. 119/2010 (tóku gildi 1. okt. 2010).

#### I. kafli. Almenn ákvæði.

##### ■ 1. gr. Markmið.

□ [Tilgangur laga þessara er að kveða á um framlög til frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands, til Alþingis og til sveitarstjórna, opinber og almenn fjárframlög til stjórnmalasamtaka og stjórnmalastarfsemi og draga úr hættu á hagsmunaaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum.]<sup>1)</sup> Markmið laganna er að auka traust á stjórnmalastarfsemi og efla lýðræðið.

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 1. gr.

##### ■ 2. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

1. *Stjórnmalasamtök*: Flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.

2. *Prófkjör*: Kosningar sem stjórnmalasamtök halda til að velja fulltrúa á framboðslista við kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna.

3. [*Frambjóðendur*: Þátttakendur í persónukjöri í forseta kosningum, kosningum til Alþingis og kosningum til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnmalasamtaka.]<sup>1)</sup>

4. *Framlög*: Framlög til starfsemi stjórnmalasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru. Til framlaga í þessum skilningi teljast allir afslættir af markaðsverði, ívilnanir og eftirgjöf, þar með taldir afslættir af markaðsverði auglýsinga, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör o.s.frv., [sem og sala stjórnmalasamtaka á vörum og þjónustu á yfirverði].<sup>1)</sup> Ef afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í reikningum. Önnur framlög, svo sem endurgjalds laust lán vinnuafis, aðstöðu eða búnaðar, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í reikningum á því verði.

5. *Tengdir aðilar*: Lögáðilar þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögáðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögáðilum. Sama á við ef einstaklingar eða lögáðilar, sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögáðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögáðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögáðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögáðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögáðilum samkvæmt þessum tölulíð telst jafnframt eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

6. *Endurskoðendur*: Löggildir endurskoðendur samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur.

7. *Þingflokkar*: Samtök þingmanna sem uppfylla skilyrði þingskapa til að teljast þingflokkur.

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 2. gr.

#### II. kafli. Framlög ríkis og sveitarfélaga til stjórnmalastarfsemi.

##### ■ 3. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka úr ríkissjóði.

□ Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnmalasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlotið hafa a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

□ [Stjórnmalasamtök sem bjóða fram í öllum kjördæmum í kosningum til Alþingis geta að loknum kosningum sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu, að hámarki 3 millj. kr. Umsóknnum um fjárstyrk vegna kosningabaráttu skal beint til dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og skulu umsóknir berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kosningar fóru fram. Umsóknnum skal fylgja afrit reikninga fyrir kostnaði sem fjárstyrk er ætlað að mæta. Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti getur sett nánari reglur um form umsókna og fylgigagna sem og um það hvaða kostnaður geti talist kostnaður við kosningabaráttu.

□ Skilyrði úthlutunar á fé úr ríkissjóði til stjórnmalasamtaka skv. 1. mgr. er að viðkomandi samtök hafi áður fullnægt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar skv. 9. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 3. gr.

##### ■ 4. gr. Framlög til þingflokka úr ríkissjóði.

□ Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi þingflokka á Alþingi samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk. Því til viðbótar skal úthluta fjárhæð sem svarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnmalasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra. Forsætisnefnd Alþingis getur sett nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

##### ■ 5. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.

□ Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, [árleg]<sup>1)</sup> fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

□ [Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er heimilt að setja viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnmalasamtaka samkvæmt þessari grein. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 4. gr.

#### III. kafli. Almenn framlög til stjórnmalastarfsemi.

##### ■ 6. gr. Móttaka framlaga.

□ Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum til starfsemi sinnar eða til kosningabaráttu með þeim takmörkunum sem leiðir af 2.–5. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 7. gr.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum. [Berist stjórnmalasamtökum eða frambjóðanda framlag frá óþekktum gefanda skal skila framlaginu í ríkissjóð enda hafi ekki gefist tækifæri til að hafna móttöku þess.]<sup>1)</sup>

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá opinberum aðilum sem ekki rúmast innan ákvæða II. kafla.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá erlendum ríkisborgurum, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum. Bann þetta tekur þó ekki til framlaga frá erlendum ríkisborgurum sem njóta kosningaréttar hér á landi skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 5. gr.

■ **7. gr.** [Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og kostnaður vegna kosningabaráttu.]<sup>1)</sup>

□ Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur [400.000 kr.]<sup>1)</sup> á ári. Undanþegin slíku hámarki eru þó framlög í formi afsláttá svo fremi um sé að ræða almenna afslætti sem veittir eru frá markaðsverði með opinberum hætti og slíkir afslættir séu sérgreindir í reikningum. Lögaðilar, sem inna af hendi framlög til stjórnmalasamtaka eða frambjóðenda, skulu ségreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum. Telja skal saman framlög tengdra aðila.

□ [Stofnframlög, þ.e. framlög frá lögráða einstaklingum og lögaðilum sem eru veitt í beinum tengslum við stofnun stjórnmalasamtaka, mega að hámarki nema sem svarar til tvöföldu hámarksframlagi skv. 1. mgr.]<sup>1)</sup>

□ Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að [400.000 kr.]<sup>1)</sup> á ári. . . .<sup>1)</sup>

□ Heildarkostnaður frambjóðenda [af kosningabaráttu í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna]<sup>1)</sup> má ekki vera hærri en sem nemur 1 millj. kr., að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 150 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

□ [Heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur tvöfaldri þeirri fjárhæð sem tiltekin er í 4. mgr. á hvern íbúa á kjörskrá fyrir landið allt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 6. gr.

#### IV. kafli. Reikningsskil og upplýsingaskylda stjórnmalasamtaka.

■ **8. gr.** *Reikningsskil stjórnmalasamtaka.*

□ Stjórnmalasamtök skulu halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureiknings-skila ef tekjur þeirra eru undir [400.000 kr.]<sup>1)</sup> á ári. Við gerð ársreikninga skal farið að efnisreglum laga um ársreikninga eins og við á. Ríkisendurskoðun gefur út frekari leiðbeiningar um reikningshald stjórnmalasamtaka.

□ Stjórnmalasamtök skulu fela endurskoðendum að endurskoða reikninga sína. Endurskoðendur skulu starfa eftir leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar og sannreyna að samstæðu-

reikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga þessara og almennar reikningsskilareglur og staðfesta það álit með áritun á reikninginn. Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna [reikninga og]<sup>1)</sup> að framlög einstaklinga og lögaðila séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 7. gr.

■ **9. gr.** *Upplýsingaskylda um reikninga stjórnmalasamtaka.*

□ [Stjórnmalasamtök skulu fyrir 1. október ár hvert skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum fyrir síðastliðið ár, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta útdrátt úr ársreikningi stjórnmalasamtaka með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttækna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmalastarfsemi sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 8. gr.

#### V. kafli. Reikningsskil og upplýsingaskylda í persónukjöri.

■ **10. gr.** *Reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri.*

□ [Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína þar sem greint er frá öllum framlögum og útgjöldum vegna hennar í samræmi við almennar reikningsskilareglur og skal uppgjörið áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Miða skal uppgjörstímabil við það tímamark þegar kosningabaráttu frambjóðanda hefst. Þegar um prófkjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar prófkjör er auglýst nema kosningabaráttu frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þegar um forsetakjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar framboði er skilað til dómsmálaráðuneytis nema kosningabaráttu frambjóðanda hafi hafist fyrr. Miða skal lok uppgjörstímabils við það tímamark þegar reikningum er skilað til Ríkisendurskoðunar skv. 11. gr. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörið.

□ Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að kostnaður við kosningabaráttu og framlög einstaklinga og lögaðila til frambjóðanda séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

□ Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur eða heildarkostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 400.000 kr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 9. gr.

■ **11. gr.** *Upplýsingaskylda um reikninga yfir kosningabaráttu.*

□ [Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun árituðum reikningum sínum eigi síðar en þremur mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta útdrátt úr reikningum með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga



frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttækna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningabaráttu frambjóðandans sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr. til kosningabaráttu frambjóðandans.

□ Ef uppgjör vegna kosningabaráttu sýnir jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skal frambjóðandi árlega skila nýju uppgjöri til Ríkisendurskoðunar eða allt þar til umframfjárumunum hefur verið ráðstafað eða skuld verið greidd.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 10. gr.

## VI. kafli. Viðurlög, gildistaka og brottfall lagaákvæða.

### ■ 12. gr. Viðurlög.

□ [Hver sem tekur við framlögum, eða jafnvirði þeirra, sem óheimilt er að veita viðtöku skv. 6. gr. eða hærri framlögum en heimilt er skv. 7. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Hver sem skilar ekki upplýsingum eða skýrslum samkvæmt ákvæðum laga þessara til Ríkisendurskoðunar innan tilgreindra tímamarka skal sæta sektum. Sama gildir séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur.

□ Gera skal lögaðilum sekt fyrir brot á 1. eða 2. mgr.

□ Refsa skal fyrir brot samkvæmt þessari grein séu þau framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Heimilt er að gera upptæk til ríkissjóðs framlög sem tekið er við án heimilda eða umfram heimildir samkvæmt lögum þessum eftir því sem segir í VII. kafla A almennra hegningarlaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 11. gr.

### ■ 13. gr. Gildistaka og brottfall lagaákvæða.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði laganna um prófkjör taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 2007.

□ ...

## VII. kafli. ...

### Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. Forsætisráðherra skal eigi síðar en 30. júní 2010 skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmalaflokka á Alþingi til að endurskoða lög þessi og framkvæmd þeirra.

■ II. Ríkisendurskoðun skal að ósk stjórnmalasamtaka veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2002 til 2006, að báðum árum meðtöldum, jafnt til landsflokkanna sem allra eininga sem undir þá falla eða tengjast rekstri og eignum flokksins, svo sem sérsambanda, kjördæmisráða, eignarhaldsfélaga og tengdra sjálfseignarstofnana. Þó er heimilt að undanskilja flokkseiningar ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári.

□ Ríkisendurskoðun skal að ósk frambjóðenda í forvali eða prófkjöri innan stjórnmalasamtaka fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar 2006 og 2007 veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur

framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. frá 1. janúar 2005 – 31. maí 2007. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun með sama hætti að ósk frambjóðenda í kosningum til æðstu tveggja embætta innan stjórnmalasamtaka, formanns og varaformanns, veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2005 til 2009, að báðum árum meðtöldum. Sé heildarfjárhæð framlaga til frambjóðanda undir 300.000 kr. getur hann beint einfaldri yfirlýsingu til Ríkisendurskoðunar um að svo sé án nánari tilgreiningar eða sundurliðunar upphæða, sbr. 4. mgr.

□ Við túlkun á hugtökunum stjórnmalasamtök, prófkjör, framlög og tengdir aðilar skal taka mið af skilgreiningu þeirra hugtaka í 2. gr. laganna.

□ Ríkisendurskoðun skal í þessu skyni veita viðtöku upplýsingum frá viðkomandi stjórnmalasamtökum og frambjóðendum um framlög til þeirra á tilgreindu tímabili, sbr. 1. og 2. mgr., og skulu upplýsingar sem veittar eru flokkaðar eftir uppruna þeirra, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum. Upplýsingum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi stjórnmalasamtaka eða frambjóðanda um að upplýsingarnar sé veittar samkvæmt bestu vitneskju og getur Ríkisendurskoðun kallað eftir nánari upplýsingum og skýringum ef hún telur annmarka á upplýsingagjöfnni. Skal upplýsingamiðlun til Ríkisendurskoðunar frá stjórnmalasamtökum og frambjóðendum þeirra sem óska eftir úrvinnslu og birtingu upplýsinga vera lokið fyrir 15. nóvember 2009. Ríkisendurskoðun er þó heimilt að framlengja þann frest um allt að einn mánuð.

□ Ríkisendurskoðun skal samræma upplýsingar sem miðlað er til hennar skv. 4. mgr. og birta með samræmdum hætti fyrir lok árs 2009 niðurstöður fyrir hver stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra sem hér segir:

a. Heildarfjárhæð árlegra framlaga samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.

b. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá einstaklingum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.

c. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá lögaðilum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum.

d. Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira. Hafi lögaðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmalasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggjast á samþykki hans.

□ Ríkisendurskoðun getur sett reglur um það með hvaða hætti framlög, sem ekki eru bein fjárframlög, skuli metin til fjár.

□ Að öðru leyti en um getur í 5. mgr. er Ríkisendurskoðun bundin trúnaði um allar upplýsingar sem stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra miðla til hennar samkvæmt ákvæði þessu.

□ Ákvæði 12. gr. laganna gildir ekki um upplýsingagjöf samkvæmt ákvæði þessu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 99/2009, 1. gr.

## REGLUR

### UM REIKNINGSHALD STJÓRN MÁLASAMTAKA O.FL. SKV. LÖGUM 162/2006

#### **I. kafli** **Almenn ákvæði**

##### 1. gr.

Reglur þessar gilda um reikningsskil stjórn málasamtaka, þ.e.a.s. flokka og samtaka, sem bjóða fram í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, sbr. IV. kafla laga nr. 162/2006 um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Á sama hátt gilda þær einnig um reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri og prófkjörum, sbr. V. kafla tilvitnaðra laga nr. 162/2006. Reglurnar eru lágmarksreglur og því er stjórn málasamtökum og frambjóðendum heimilt að skila fyllri upplýsingum en mælt er fyrir í þeim.

##### 2. gr.

Stjórn málasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti allt að 300 þús. kr. framlögum á ári frá einstökum lögaðila eða lögráða einstaklingi til stjórn mála-starfsemi sinnar eða kosningabaráttu með þeim takmörkunum, sem frá greinir í þessum kafla.

Framlögum umfram ofangreint hámark skal skilað svo fljótt sem kostur er. Takist ekki að skila þeim skal þeim haldið sérstaklega aðgreindum í reikningsskilum stjórn málasamtaka og einstaklinga jafnframt því sem þau skulu lögð inn á sérstakan bundinn bankareikning.

##### 3. gr.

Stjórn málasamtökum er óheimilt að veita viðtöku framlögum frá:

- a. óþekktum gefendum,
- b. fyrirtækjum að meiri hluta í eigu eða undir stjórn ríkis eða sveitarfélaga,
- c. opinberum aðilum öðrum en ríkissjóði og sveitarfélögum, sbr. II. kafla laga nr. 162/2006, svo sem félögum í sameign ríkis og sveitarfélaga,
- d. erlendum ríkisborgurum, sem eigi njóta kosningaréttar hér á landi, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum,

##### 4. gr.

Framlög tengdra aðila, sbr. 10. gr., skulu talin saman. Samanlögð árleg framlög mega aldrei fara fram úr 300 þús. kr.

##### 5. gr.

Almenn félagsgjöld einstaklinga í stjórn málasamtökum, sem innheimt eru með reglubundnum hætti á jafnræðisgrundvelli og ekki fara fram úr 100 þús. kr., skal sérgreina í reikningsskilunum. Greiðslur einstaklings umfram ofangreint hámark teljast framlög í skilningi 2. gr.

#### 6. gr.

Með framlögum í skilningi reglna þessara er átt við framlög til starfsemi stjórnmalasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárframlög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í reglum þessum. Til framlaga í þessum skilningi teljast m.a.:

- a. Allir afslættir, sem ekki eru almennir og opinberir af markaðsverði hvers konar vöru.
- b. Ívilnanir og eftirgjafir, þar með taldir afslættir sem ekki eru almennir og opinberir af markaðsverði hvers konar þjónustu, svo sem afsláttur af markaðsverði auglýsinga, húsaleigu eða öðru endurgjaldi fyrir afnot af fasteignum.
- c. Endurgjaldslaus afnot af vinnuafli, þ.e.a.s. starfskröftum launaðra starfsmanna ef aðrir en stjórnmalasamtök eða frambjóðandi bera launakostnaðinn. Sjálfboðavinna telst ekki framlag í skilningi reglnanna.
- d. Endurgjaldslaus afnot á búnaði og tækjum, þó ekki afnot af lausafé í eigu sjálfboðaliða, sem ekki er notað í atvinnurekstri.
- e. Eftirgjöf eftirstöðva skulda, hvort sem er að hluta eða öllu leyti, óvenjuleg lánakjör eða fjármagnsfyrirgreiðsla.

#### 7. gr.

Undanþegin 300 þús. kr. hámarki skv. 2. gr. eru framlög í formi almennra og opinberra afsláttu, sem öllum standa til boða í samræmi við gjaldskrá eða almenna viðskiptavenju. Almennir og opinberir afslættir skulu sérstaklega aðgreindir á sölureikningi.

#### 8. gr.

Ef sértækur afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði, sbr. a liður 6. gr., skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í ársreikningi. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaus lán vinnuafls, aðstöðu eða búnaðar, að undanskildu því sem um getur í d lið 6. gr., skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í ársreikningi á því verði.

#### 9. gr.

Með markaðsverði í skilningi reglnanna er átt við almennt gangverð í viðskiptum með vöru eða þjónustu milli ótengdra aðila að teknu tilliti til afsláttar, sem veittur er með almennum og opinberum hætti á viðskiptalegum grunni. Við mat á endurgjaldi, sem ekki er í formi reiðufjár, skal eftir því sem við verður komið miðað við skattmat Ríkisskattstjóra. Nú liggur gangverð ekki fyrir og skal þá við mat á gæðum eða hlunnindum, sem ekki hafa verið í krónum talin, m.a. litið til þess kostnaðar er þiggjandinn hefði þurft að leggja út fyrir gæðum þessum, nema í gildi sé sérstakt skattmat um þau.

#### 10. gr.

Með tengdum aðilum í skilningi reglnanna er átt við lögaðila þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár og atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í

lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

#### 11. gr.

Stjórnmalasamtökum er heimilt að selja öðrum en þeim, er um getur í 3. gr., auglýsingar í fjölmiðlum, sem þau standa að í þeim tilgangi einum að standa undir kostnaði við kynningu á frambjóðendum, stefnu og öðrum málefnum þeirra. Tekjum af útgáfustarfseminni má einungis verja til þess að greiða útgjöld, sem eru í beinum og eðlilegum tengslum við hana.

Á sama hátt er stjórnmalasamtökum heimilt að leigja út fasteignir sínar og lausafé á markaðsverði, sbr. 9. gr. Tekjur af leigustarfsemi umfram markaðsverð skal færa til tekna sem framlög og gilda um þær að öllu leyti sömu reglur og skilyrði og um framlög skv. þessum kafla.

Fjárreiður og bókhald fyrir útgáfu- og leigustarfsemi skv. þessari grein skal aðskilja fjárhagslega frá fjárreiðum og bókhaldi viðkomandi stjórnmalasamtaka og skal skila sérstöku uppgjöri fyrir hvora starfsemina fyrir sig. Halda skal sérstaka skrá um viðskiptamenn og greiðslur þeirra hvers um sig, er birta skal í skýringum með ársreikningi, uppgjöri eða fylgiskjali með þessum gögnum.

#### 12. gr.

Önnur sala stjórnmalasamtaka á þjónustu og vörum í fjáröflunarskyni en um ræðir í 11. gr. er óheimil. Þó skal óreglubundin kaffisala stjórnmalasamtaka, merkjasala, sala happdrættismiða, basarsala o.þ.h. eða sala aðgangseyris að fundum á vegum þeirra heimil, enda fari viðskipti af þessu tagi við hvern einstakling eða lögaðila ekki fram úr 100 þús. kr. á ári.

## II. KAFLI

### Reikningsskil stjórnmalasamtaka

#### 13. gr.

Við gerð ársreikninga stjórnmalasamtaka skal efnisreglum ársreikningalaga nr. 3/2006 fylgt eftir því sem við getur átt. Stjórn stjórnmalasamtaka og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert ár og skal ársreikningurinn geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra jafnframt því að vera áritaður af endurskoðanda.

#### 14. gr.

Stjórnmalasamtök skulu greina frá öllum eignum sínum og skuldum, þ.m.t. skuldbindingum og eigið fé sem er mismunur eigna og skulda. Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir. Eignir, sem ekki eru ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.

Kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir, sem falla til greiðslu eftir lengri tíma en eitt ár, skulu færast sem fastafjármunir eða langtímaskuldir eftir því sem við á. Aðrar kröfur,

fyrirframgreiðslur og skuldir færast sem veltufjármunir eða skammtímaskuldir eftir því sem við á.

#### 15. gr.

Stjórnmálasamtök skulu greina frá öllum tekjum sínum og gjöldum í rekstrarreikningi nema lög eða settar reikningsskilareglur kveði á um annað. Hann skal a.m.k. geyma eftirtaldar sundurliðanir á tekjuhlið:

1. Fjárframlög úr ríkissjóði.
2. Fjárframlög sveitarfélaga.
3. Fjárframlög lögaðila.
4. Framlög lögaðila í formi afsláttar frá markaðsverði, sbr. a liður 6. gr.
5. Önnur framlög lögaðila, sbr. b – e liður 6. gr.
6. Fjárframlög einstaklinga.
7. Framlög einstaklinga í formi afsláttar frá markaðsverði.
8. Önnur framlög einstaklinga, sbr. b – e liður 6. gr.
9. Almenn félagsgjöld.
10. Leigutekjur af fasteignum.
11. Tekjur af leigu lausafjár.
12. Þjónustutekjur, þ.m.t. aðgangseyri að fundum, skemmtunum og öðru slíku félagsstarfi.
13. Vörusala, þ.m.t. tekjur af kaffisölu, happdrætti, hlutaveltum o.s.frv.
14. Aðrar rekstrartekjur.

Nöfn þeirra lögaðila sem veita stjórnmálasamtökum framlög skulu birt í skýringum við ársreikninginn eða í sérstöku fylgiskjali með honum ásamt fjárhæð framlagsins.

#### 16. gr.

Stjórnmálasamtök skulu halda samstæðureikning fyrir allar einingar, sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir (sbr. Lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999), hvort sem þær eru skráðar eða ekki, sbr. þó 3. mgr. Með samstæðureikningi í þessu sambandi er átt við reikningsskil þar sem ársreikningar stjórnmálasamtaka (móðursamtaka) og eininganna (dóttursamtaka) sem undir þau falla hafa verið sameinaðir í einn reikning.

Samstæðureikningur skal geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Samstæðureikningur skal gefa glögga heildarmynd af afkomu, efnahag og breytingum á handbæru fé bæði móðursamtakanna og dóttursamtakanna. Við gerð samstæðureiknings skulu sams konar tekju- og gjaldaliðir og eigna- og skuldaliðir lagðir saman. Gera skal nauðsynlegar leiðréttingar vegna sérstakra þátta sem eiga aðeins við um samstæðureikning.

Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureikningsskila ef tekjur þeirra eru undir 300 þús. kr. á ári. Að öðru leyti skulu ákvæði VII. kafla ársreikningalaga gilda um samstæðureikningsskil stjórnmálasamtaka eftir því sem við á.

#### 17. gr.

Nú standa fleiri en ein stjórnmálasamtök sameiginlega að framboði í tilteknu kjördæmi og skal þá gera sérstök reikningsskil fyrir framboðið.

### III. Kafli

#### Reikningsskil framboðenda í persónukjöri

##### 18. gr.

Framboðendur skulu halda fjárreiðum framboðsins aðskildum frá einkafjárreiðum sínum. Þá skulu þeir skila Ríkisendurskoðun sérstöku fjárhagslegu uppgjöri um kosningabaráttu sína innan sex mánaða frá því að kosning fór fram. Um bókhaldið og reikningsskil skulu gilda eftir því sem við á ákvæði bókhaldslaga.

Framboðendur í persónukjöri eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef kostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 300 þús. kr.

##### 19. gr.

Framboðandi skal jafnan stofna sérstakan bankareikning fyrir framboðið, þar sem færa skal allar peningalegar innborganir eða útborganir í tengslum við framboðið. Halda skal sérstakt bókhald um gjöld tengd framboðinu svo og tekjur, hvort sem er í formi peningalegra greiðslna eða framlaga í öðrum gæðum. Allar færslur í bókhaldinu skulu byggja á fullnægjandi fylgiskjölum eða gögnum, svo sem frumriti reikninga, kvittunum fyrir móttekin framlög o.s.frv.

##### 20. gr.

Framboðandi skal í bókhaldinu gera sérstaka grein fyrir sínum eigin framlögum, hvort sem um er að ræða framlög í reiðufé eða útlögðum kostnaði. Færa skal kostnað, sem framboðandi leggur út fyrir, sem eigið framlag framboðandans til framboðsins.

Framboðendur skulu halda sérstaka skrá yfir einstök framlög, sem metin eru til fjár, þar sem fram komi nafn og kennitala viðkomandi styrktaraðila. Framlög t.d. í formi endurgjaldslausra afnota af vinnuafli, kostunar á auglýsingum eða annarri þjónustu eða vöru skal tekjufæra, sem framlag til framboðsins jafnframt því að færa skal viðkomandi útgjöld til gjalda í bókhaldinu. Njóti framboðandi afsláttar af markaðsverði skal hann á sama hátt færður sem framlag til framboðsins. Viðkomandi vara eða þjónusta skal þá gjaldfærð á markaðsverði en hinn sérstaki afsláttur færður til tekna.

##### 21. gr.

Sé framboð fjármagnað með lántökum skal gera ítarlega grein fyrir lánveitanda, lánsfjárhæð og lánskjörum í skýringum í reikningsskilum framboðsins. Ef lánstími nær fram yfir uppgjörstímabilið skal gera Ríkisendurskoðun árlega grein fyrir stöðu skulda framboðsins.

Eftirgjöf skulda og bersýnilega ívilnandi lánskjör skulu metin sem framlag lánveitanda til framboðsins.

##### 22. gr.

Framboðendum er óheimilt að taka við hærri framlögum frá einum aðila en 300 þús. kr. og skiptir ekki máli hvort um lögaðila eða einstaklinga er að ræða, sbr. nánar I. kafli reglna þessara.

Heildarkostnaður frambjóðenda í prófkjörum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur 1 milljón króna að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 40.000 - 49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 20.000 - 39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 10.000 - 19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 150 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

Við útreikning á álagi skv. 2. mgr. skal miða við íbúafjölda á kjörsvæðinu eins og hann var 1. desember næst á undan prófkjörsegi.

23. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, öðlast þegar gildi.

Ríkisendurskoðun 21. mars 2007

# Framlög til stjórnmalasamtaka

2002–2006

## Framsóknarflokkur

### Staðfesting stjórnmalasamtaka

Ég undirritaður Sigfús Ingi Sigfússon, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, staðfesti hér með þetta yfirlit yfir framlög einstaklinga og lögaðila Framsóknarflokksins fyrir árin 2002-2006. Í þessu uppgjöri er gerð grein fyrir öllum móttæknum framlögum frá lögaðilum og einstaklingum vegna starfssemi flokksins á fyrrgreindu tímabili.

Reykjavík 30. desember 2009

---

Sigfús Ingi Sigfússon



## Fjárframlög 2002 til 2006

|   | 2002              | 2003               | 2004              | 2005              | 2006                 |
|---|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|----------------------|
| Ríkisframlag .....                      | 46.840.944        | 51.266.732         | 55.592.303        | 50.238.127        | 54.756.215           |
| Framlag sveitarfélaga .....             | 200.000           | 230.000            | 230.000           | 230.000           | 940.911              |
| Framlag stjórnmalasamtaka .....         | 9.446.288         | 13.602.457         | 11.387.153        | 10.062.255        | 16.576.479           |
| Framlag frá lögaðilum .....             | 13.644.785        | 46.204.717         | 17.448.171        | 7.879.072         | 95.471.967           |
| Framlög einstaklinga .....              | 7.265.386         | 5.520.138          | 7.115.518         | 4.724.369         | 9.374.231            |
| Önnur framlög en bein fjárframlög ..... | 62.114            | 123.480            | 0                 | 0                 | 0                    |
| Aðrar tekjur .....                      | 5.041.926         | 6.329.528          | 3.543.207         | 1.526.471         | 5.058.650            |
| <b>Tekjur samtals</b>                   | <b>82.501.443</b> | <b>123.277.052</b> | <b>95.316.352</b> | <b>74.660.294</b> | <b># 182.178.453</b> |

### 1 Framlög lögaðila

|                                | 2002      | 2003      | 2004      | 2005      | 2006       |
|--------------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|------------|
| Atorka Group.....              |           |           |           |           | 700.000    |
| Bakkabræður sf.....            |           |           |           |           | 500.000    |
| Baugur Group.....              |           | 1.100.000 | 1.000.000 |           | 8.000.000  |
| BIH stuðningsmenn.....         |           |           |           |           | 2.000.000  |
| BNT.....                       |           |           |           |           | 2.500.000  |
| Burðarás hf.....               |           |           |           | 500.000   |            |
| Ehf. Andvaka.....              |           |           |           |           | 1.000.000  |
| Ehf. Samvinnutryggingar.....   |           |           |           |           | 1.000.000  |
| Eimskipafélag Íslands.....     |           | 1.300.000 |           | 1.000.000 | 1.000.000  |
| Exista hf.....                 |           |           |           |           | 500.000    |
| Eykt.....                      |           |           |           |           | 5.000.000  |
| FL Group hf.....               |           |           |           | 1.000.000 |            |
| Fons hf.....                   |           |           |           |           | 8.000.000  |
| Glitnir.....                   |           |           |           |           | 2.500.000  |
| Grandi.....                    |           | 600.000   |           |           |            |
| HB Grandi.....                 |           |           |           |           | 600.000    |
| Hraðfrystihús Eskifjarðar..... | 500.000   |           |           |           |            |
| Ísfélag Vestmannaeyja.....     |           | 500.000   |           |           |            |
| Íslandsbanki.....              |           | 500.000   |           |           |            |
| Kaupfélag Borgfirðinga.....    |           |           |           |           | 500.000    |
| KB banki.....                  | 1.100.000 | 1.500.000 |           |           | 11.000.000 |
| Landsbanki Íslands.....        |           | 1.000.000 |           |           | 3.250.000  |
| Lyfjaverslun Íslands.....      | 500.000   | 1.000.000 |           |           |            |
| Mata ehf.....                  |           |           |           |           | 500.000    |
| Mjólkursamsalan.....           |           |           |           |           | 1.000.000  |
| Óskar nafnleyndar.....         | 500.000   |           |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         | 500.000   |           |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         | 1.500.000 |           |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         | 800.000   |           |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         | 530.000   |           |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 500.000   |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 500.000   |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 500.000   |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 500.000   |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 600.000   |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 600.000   |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 750.000   |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 1.000.000 |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 1.000.000 |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 2.500.000 |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 1.000.000 |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 1.500.000 |           |           |            |
| Óskar nafnleyndar.....         |           | 2.250.000 |           |           |            |

|   | 2002              | 2003              | 2004              | 2005             | 2006              |
|---|-------------------|-------------------|-------------------|------------------|-------------------|
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   | 500.000           |                   |                  |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   | 1.000.000         |                  |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   | 1.000.000         |                  |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   | 950.000           |                  |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   | 500.000           |                  |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   | 500.000           |                  |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   | 630.000           |                  |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   | 500.000          |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   | 500.000          |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   | 850.000          |                   |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 500.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 2.000.000         |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 1.200.000         |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 600.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 1.000.000         |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 2.000.000         |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 500.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 600.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 750.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 600.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 500.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 500.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 500.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 610.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 1.000.000         |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 1.000.000         |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 1.000.000         |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 500.000           |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 1.000.000         |
| Óskar nafnleyndar.....                        |                   |                   |                   |                  | 3.181.250         |
| Nýsir.....                                    |                   |                   |                   |                  | 2.000.000         |
| Nýsir hf.....                                 |                   |                   |                   |                  | 1.000.000         |
| Olúfélagið.....                               |                   | 1.000.000         |                   |                  |                   |
| Osta- og smjörsalan.....                      |                   | 750.000           |                   |                  | 800.000           |
| Pharmaco hf.....                              | 500.000           | 1.000.000         | 500.000           |                  |                   |
| Samherji.....                                 |                   | 1.000.000         |                   |                  | 500.000           |
| Samkaup.....                                  |                   |                   |                   |                  | 500.000           |
| Samskip.....                                  |                   |                   |                   |                  | 2.500.000         |
| SÍF hf.....                                   | 500.000           | 1.000.000         |                   |                  |                   |
| Skeljungur.....                               |                   | 1.000.000         |                   |                  |                   |
| Sparisjóður Reykjavíkur.....                  |                   |                   |                   |                  | 600.000           |
| Útgerðarfélag Akureyringa.....                |                   | 500.000           |                   |                  |                   |
| Vinnslustöðin.....                            |                   | 500.000           |                   |                  | 500.000           |
| VÍS.....                                      | 500.000           | 1.800.000         |                   |                  |                   |
| ÞG verktakar.....                             |                   |                   |                   |                  | 600.000           |
| Framlög lögaðila undir 500 þús.kr. hvert..... | 6.214.785         | 16.454.717        | 11.368.171        | 3.529.072        | 17.380.717        |
| <b>Framlög lögaðila samtals</b>               | <b>13.644.785</b> | <b>46.204.717</b> | <b>17.448.171</b> | <b>7.879.072</b> | <b>95.471.967</b> |

## 2 Framlög einstaklinga

|  |                  |                  |                  |                  |                  |
|--|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| NN.....  |                  |                  |                  |                  | 2.000.000        |
| NN.....  |                  |                  |                  |                  | 500.000          |
| NN.....  |                  |                  |                  |                  | 500.000          |
| Framlög einstakl. undir 500 þús.kr. hvert..... |                  |                  |                  |                  | 6.374.231        |
| <b>Framlög einstaklinga samtals</b>            | <b>7.265.386</b> | <b>5.520.138</b> | <b>7.115.518</b> | <b>4.724.369</b> | <b>9.374.231</b> |

# Reykjavíkurlistinn

## Staðfesting stjórnmalasamtaka

Ég undirritaður forsvarsmaður Reykjavíkurlistans, staðfesti hér með þetta uppgjör á kosningabaráttu samtakanna vegna Borgarstjórnarkosninga 2002. Í þessu uppgjóri er gerð grein fyrir öllum mótteknum framlögum vegna framboðs Reykjavíkurlistans.

Reykjavík 9. desember 2009

Ingvar Sverrisson

## Fjárframlög 2002 til 2006

| Framlög                                 | Skýr. | 2002              | 2003             | 2004             | 2005             |
|---|-------|-------------------|------------------|------------------|------------------|
| Framlag sveitarfélags .....             |       | 0                 | 5.801.212        | 0                | 0                |
| Framlag stjórnmalasamtaka .....         |       | 3.000.000         | 3.000.000        | 250.000          | 0                |
| Framlag frá lögaðilum .....             | 1     | 21.896.706        | 500.000          | 3.750.000        | 1.800.000        |
| Framlög einstaklinga .....              | 2     | 635.550           | 0                | 0                | 0                |
| Önnur framlög en bein fjárframlög ..... | 3     | 0                 | 124.584          | 0                | 0                |
| Aðrar tekjur .....                      |       | 0                 | 0                | 0                | 0                |
| Tekjur samtals                          |       | <u>25.532.256</u> | <u>9.425.796</u> | <u>4.000.000</u> | <u>1.800.000</u> |

# Skýringar

| 1 Framlög lögaðila                            | 2002              | 2003           | 2004             | 2005             |
|---|-------------------|----------------|------------------|------------------|
| <b>Gefendur</b>                               |                   |                |                  |                  |
| Baugur.....                                   | 500.000           |                |                  |                  |
| Búnaðarbankinn.....                           | 300.000           |                |                  |                  |
| Eignar hf Tún.....                            | 500.000           |                |                  |                  |
| Eimskip.....                                  | 1.000.000         |                |                  |                  |
| Eykt.....                                     | 600.000           |                |                  |                  |
| Fjarhitun.....                                | 250.000           |                |                  |                  |
| Gámaþjónustan.....                            | 200.000           |                |                  |                  |
| Grandi.....                                   | 300.000           |                |                  |                  |
| Hagræði.....                                  | 250.000           |                |                  |                  |
| Hekla.....                                    | 250.000           |                | 750.000          |                  |
| Hrólfur.....                                  | 391.698           |                |                  |                  |
| Húsasmiðja.....                               | 500.000           |                |                  |                  |
| Hönnun.....                                   | 500.000           |                |                  |                  |
| IAV.....                                      |                   |                | 1.000.000        |                  |
| Ísl. Útvarpsfélagið.....                      | 1.282.350         |                |                  |                  |
| Íslandsbanki.....                             | 300.000           |                | 500.000          |                  |
| Jarðboranir hf.....                           |                   |                | 500.000          |                  |
| JB byggingafélag.....                         | 700.000           |                |                  |                  |
| Kaupþing.....                                 | 1.100.000         |                |                  | 1.000.000        |
| Kramhúsið.....                                | 300.000           |                |                  |                  |
| Kögun.....                                    | 250.000           |                |                  |                  |
| Landabanki.....                               | 500.000           |                |                  |                  |
| Ljósvirki.....                                | 200.000           |                |                  |                  |
| Lyfjaverslun Íslands.....                     | 500.000           |                |                  |                  |
| Mata ehf.....                                 | 250.000           |                |                  |                  |
| Miklatorg.....                                | 1.000.000         |                |                  |                  |
| Mótás.....                                    | 500.000           |                |                  |                  |
| Olis.....                                     | 1.000.000         |                | 1.000.000        |                  |
| Oliufélagið.....                              | 700.000           |                |                  |                  |
| Osta og smjörsalan.....                       | 200.000           |                |                  |                  |
| Rafteikning.....                              | 200.000           |                |                  |                  |
| Rekstrarvörur.....                            | 284.776           |                |                  |                  |
| Samskip.....                                  | 800.000           |                |                  |                  |
| Saxhóll.....                                  | 250.000           |                |                  |                  |
| Sjóvá.....                                    | 500.000           |                |                  |                  |
| Spron.....                                    | 200.000           |                |                  |                  |
| Tal.....                                      | 200.000           |                |                  |                  |
| Tryggingarmiðstöðin.....                      | 350.000           |                |                  |                  |
| VÍS.....                                      |                   |                |                  | 800.000          |
| VSÓ ráðgjöf.....                              | 200.000           |                |                  |                  |
| ÞG verktakar.....                             | 200.000           |                |                  |                  |
| Örk/Ísafold.....                              | 1.000.000         |                |                  |                  |
| Össur.....                                    | 300.000           |                |                  |                  |
| Óskar nafnleyndar.....                        | 500.000           | 500.000        |                  |                  |
| Framlög lögaðila undir 500 þús.kr. hvert..... | 2.587.882         |                |                  |                  |
| Framlög lögaðila samtals                      | <u>21.896.706</u> | <u>500.000</u> | <u>3.750.000</u> | <u>1.800.000</u> |

## 2 Framlög einstaklinga

|  | 2002           | 2003     | 2004     | 2005     |
|--|----------------|----------|----------|----------|
| Framlög einstakl. undir 500 þús.kr. hvert..... | 635.550        | 0        | 0        | 0        |
| Framlög einstaklinga samtals                   | <u>635.550</u> | <u>0</u> | <u>0</u> | <u>0</u> |

## 3 Önnur framlög en bein fjárframlög

|   |          |                |          |          |
|---|----------|----------------|----------|----------|
| Lögaðilar.....                            | 0        | 124.584        | 0        | 0        |
| Einstaklingar.....                        | 0        | 0              | 0        | 0        |
| Önnur framlög en bein fjárframlög samtals | <u>0</u> | <u>124.584</u> | <u>0</u> | <u>0</u> |

# Framlög til stjórnmalasamtaka

2002–2006

## Samfylkingin

### Staðfesting stjórnmalasamtaka

Ég undirrituð Jóhanna Sigurðardóttir formaður Samfylkingarinnar staðfesti hér með þetta uppgjör á fjárframlögum til kosningabaráttu og starfssemi Samfylkingarinnar og aðildarféлага hennar á árunum 2002 - 2006. Í þessu uppgjöri er gerð grein fyrir öllum mótteknum framlögum frá lögaðilum og einstaklingum vegna starfssemi flokksins á fyrrgreindu tímabili.

Reykjavík 7. desember 2009

---

Jóhanna Sigurðardóttir formaður.

## Fjárframlög 2002 til 2006

|   | 2002              | 2003              | 2004              | 2005              | 2006               |
|---|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|--------------------|
| Framlag sveitarfélaga samtals .....     | 1.827.309         | 1.734.836         | 1.683.943         | 2.653.220         | 3.845.794          |
| Framlag frá lögaðilum .....             | 5.228.459         | 33.143.459        | 4.477.160         | 5.793.159         | 102.378.666        |
| Framlög einstaklinga .....              | 4.164.310         | 3.687.738         | 4.269.917         | 7.031.959         | 18.165.635         |
| Önnur framlög en bein fjárframlög ..... | 0                 | 1.960.000         | 0                 | 0                 | 256.000            |
| Aðrar tekjur samtals .....              | 935.629           | 3.589.648         | 1.423.765         | 1.856.943         | 2.826.135          |
| <b>Tekjur samtals</b>                   | <b>12.155.707</b> | <b>44.115.681</b> | <b>11.854.785</b> | <b>17.335.281</b> | <b>127.472.230</b> |

### 1 Framlög lögaðila

|  | 2002    | 2003      | 2004    | 2005    | 2006       |
|--|---------|-----------|---------|---------|------------|
| 410886-1629 Bakkavör Group hf.....             |         | 1.000.000 |         |         | 500.000    |
| 410998-2629 Brim ehf. ....                     |         | 200.000   | 300.000 | 250.000 | 500.000    |
| 411199-2159 Atafll hf.....                     |         |           |         |         | 1.000.000  |
| 420605-0800 Gumo ehf .....                     |         |           |         |         | 202.000    |
| 430269-4029 Líf.....                           |         | 500.000   |         |         | 0          |
| 430572-0169 Hönnun hf.....                     |         | 250.000   |         | 250.000 | 500.000    |
| 440169-7089 Bifreiðar & landbúnaðarvélur ..... |         |           |         |         | 250.000    |
| 440986-1539 Samskip hf.....                    | 250.000 | 500.000   |         |         | 1.000.000  |
| 450599-3529 Fasteignafélagið Stoðir hf.....    |         |           |         |         | 500.000    |
| 450900-2810 Eignarhaldsfélagið ISP ehf.....    |         |           |         |         | 200.000    |
| 460169-3219 Byko .....                         |         | 400.000   |         |         |            |
| 461202-3220 Eimskip hf.....                    |         |           |         |         | 200.000    |
| 461202-3490 Icelandair ehf.....                |         | 500.000   |         |         | 500.000    |
| 470169-1419 Vífilfell hf.....                  |         |           |         |         | 500.000    |
| 470297-2719 Frumherji hf.....                  |         |           |         |         | 300.000    |
| 480798-2289 Baugur Group hf.....               |         |           |         |         | 5.000.000  |
| 490169-1219 Búnaðarbankinn.....                |         | 350.000   |         |         |            |
| 490389-2619 Kögun ehf.....                     |         | 350.000   |         |         | 0          |
| 500269-0149 Osta- og smjörسالan sf.....        |         |           |         |         | 200.000    |
| 500269-3249 Olíuverslun Íslands hf.....        |         | 500.000   |         |         | 1.000.000  |
| 500269-4649 Ker hf.....                        |         |           |         |         | 3.000.000  |
